



Fundargerð

7. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. maí 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Jóhannes Gissurarson, formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 13:00.

Almenn mál

1. 2505019 - Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum við Fjaðrárgljúfur
Þessum dagskrálið var frestað.

2. 2410017 - Laki deiliskipulag

Tekið fyrir afgreiðslubréf Skipulagsstofnunar, dagsett 11. mars 2025. Í bréfinu gerir Skipulagsstofnun athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda vegna form- og efnisgalla. Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn þar búið er að leiðrétta deiliskipulagið til samræmis við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Samkvæmt Skipulagsstofnun er tillagan ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag og því ekki hægt að auglýsa í B-deild.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag í B deild Stjórnartíðinda.

3. 2503025 - Skógræktarsvæði

Lögð fyrir umsögn Land- og Skóga varðandi skógræktaráform í landi Ytri Ása en ábúandi hefur sótt um skógræktarsamning á um 155 ha svæði. Land og Skógur hefur samþykkt umsóknina.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggst ekki gegn áformunum en bendir á að skógræktin þarf að skilgreinast sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sækja þarf sérstaklega um það til sveitarfélagsins

4. 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Tekin fyrir fyrirspurn Nesgrjóts ehf til skipulagsfulltrúa, dagsett 28. mars 2025. Óskað er eftir afstöðu skipulagsnefndar varðandi byggingaráform 4 íbúða raðhúss á lóð Skaftárvalla 30. Meðfylgjandi fyrirspurninni fylgja teikningar af mögulegri útfærslu hússins.

Skipulags- og umhverfisstjórn tekur jákvætt í erindið en bendir á að breyta þarf gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið en í dag er lóðin skilgreind sem parhúsaloð.



5. 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

Tekin fyrir eftir grenndarkynningu óveruleg breyting á deiliskipulagi Hrífuness. Breytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 27. Apríl 2024. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Í umsögn Vegagerðarinnar kom fram að tillaga að veltengingu væri ekki hægt að samþykkja og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands benti á að skilgreina þarf hvernig fráveitu er háttað innan skipulagssvæðisins. Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að vinna málið áfram með tilliti til þeirra umsagna er bárust við breytinguna. Enn fremur leggur ráðið til að svæðið verði skoðað í samhengi við aðliggjandi lóð vegna þeirra áforma sem þar eru fyrirhuguð og báðar lóðirnar verði skoðaðar í heild sinni varðandi aðkomu og bílastæði.

6. 2502008 - Tjarnargígur deiliskipulag

Tekið fyrir eftir auglýsingu deiliskipulag fyrir Tjarnargíg. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 14. Apríl 2025. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gerðu engar athugasemdir við tillöguna

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag í B deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert
fundi slitið kl. 13:54.

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson